

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Afmörkun landnotkunar í samræmi við lóðamörk

Afmörkun landnotkunar leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr. 25
Maí 2018
Uppfært 29. júní

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann _____ 20__.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20__.

1. Forsendur og markmið

Gera þarf lítilsháttar breytingar á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þar sem komið hefur upp misræmi í afmörkun landnotkunar þar sem þegar liggja fyrir eldri ákvarðanir um lóðamörk og notkun lóðar eða viðkomandi svæði hafa verið afmörkuð nánar í deiliskipulagi. Þetta á m.a. við um afmörkun lóða fyrir samfélagsstofnanir en getur átt við fleiri landnotkunarsvæði. Þetta hefur gefið tilefni til að yfirfara betur afmörkun landnotkunar á þéttbýlisupprætti og tryggja samræmi við fyrirliggjandi lóðamörk.

Í drögum þessum er gerð grein fyrir þremur breytingum eða leiðréttingum í þessa veru. Bætt verður við fleiri lagfæringum ef ábendingar koma um fleiri svæði. Farið verður yfir afmörkun samfélagsstofnana og fleiri landnotkunarsvæða eins og kostur er. Breytingar sem þessar fela ekki í sér breytingar á stefnumörkun og eru fyrst og fremst gerðar til að landnotkunarupprátturinn endurspegli rétta lóðaskipan og grunnskilgreiningu lóða, enda sýnt að ekki liggi fyrir stefna um annað. Það er því ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um umhverfisáhrif viðkomandi lagfæringa og breytinga.


2. Breytingar á þéttbýlisupprætti (1:20.000)

Eftirfarandi breytingar á afmörkun eru lagðar til á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins. Breytingarnar eða lagfæringarnar eru lítilsháttar og hafa ekki áhrif á landbókhald aðalskipulagsins. Sjá næstu opnu.


Samfélagsstofnanir við Vesturhlíð

Fyrir mistök er leikskólinn Sólborg ekki innan áður skilgreinds svæðis fyrir samfélagsstofnanir. Svæði samfélagsstofnana stækkar en kirkjugarður (K2) minnkar samsvarandi. Afmörkun kirkjugarðs K2 til norðurs eru einnig lagfærð.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



Samfélagsstofnanir við Völvufell

Fyrir mistök var lóð fyrir samfélagsstofnun við Völvufell 7a skilgreind á opnu svæði (OP) en hafði í eldra aðalskipulagi verið hluta af stofnansvæði við Völvufell.

Fyrir breytingu:



LANDNOTKUN

- Íbúðarbyggð (ÍB) (sjá nánar kaflann Skipulag borgarhluta)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Miðsvæði (M) (sjá nánar mörk svæða i kaflanum Miðsvæði)
- Miðborg (M) (sjá nánar mörk svæða i kaflanum Miðborg)
- Verslun og þjónusta (VP) (sjá nánar kaflann Skipulag borgarhluta)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Hafnir (H) (sjá nánar mörk svæða i kaflanum Hafnasvæði)
- Innri höfn
- Flugvelli (FV) (tímabundnar heimildir um starfsemi flugvallar i Vatnsmýri er að finna i kaflanum Landnotkun i A-hluta greinargerðar)
- Veitur og helgunarsvæði (VH)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Vegir, götur og stígar (VE) (sjá nánar kaflann Veitur)
- Opin svæði (OP)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)
- Strandsvæði (ST)

Eftir breytingu:



VERNDARSVÆÐI

- Vatnsbóli (VB)
- Vatnsvernd - grannsvæði (VG)
- Vatnsvernd - fjarsvæði (VF)
- Fríðlýst svæði (FS)
- Hverfisvernd (HV) (sjá einnig kaflann Náttúra, landslag og útivist, og kaflann Borgarvernd)
- Minjavernd (MV) (sjá einnig kaflann Náttúra, landslag og útivist)


SAMGÖNGUR

- Mislæg gatnamót*
- Akstursbrú/akstursgöng
- Göngubrú/undirgöng¹
- 3 Jarðgangamunni
- Stofnstígar²
- Tengistígar²
- Reiðleiðir
- Stofnbraut
- Tengibraut
- *** Jarðgöng
- Aðrar götur³


Mörk íbúðarbyggðar og hafnarsvæðis í Vogabyggð I

Við gerð deiliskipulags fyrir Vogabyggð I, voru mörk íbúðarbyggðar og hafnarsvæðis afmörkuð nánar en sýnt var á þéttbýlisupprætti. Breytingin felur í sér að mörk íbúðarbyggðar færast lítilsháttar til norðurs í samræmi við afmörkun lóðar samkvæmt deiliskipulagi Vogabyggðar I.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



4. Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna þessarar aðalskipulagsbreytingar var samþykkt þann 15. febrúar 2018 sl. Verklýsingin var send á hverfisráð Breiðholts, aðliggjandi sveitarfélög, svæðisskipulagsnefnd og Skipulagsstofnun.

Engar efnislegar athugasemdir hafa komið fram við verklýsinguna. Drög að aðalskipulagsbreytingu voru send á Hverfisráð Laugardals og Hverfisráð Hlíða, auk ofangreindra aðila. Drögin voru til kynningar á adalskipulag.is og auglýst í fjölmiðlum og opið hús haldið þann 8. maí. Engar efnislegar athugasemdir bárust við drögin.

